

Föstudagur 2. október 2009

Kínversk fjármálabóla er í hættu á að springa segir Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn og varar við slakri peningastjórn í Kína. Kínverska ríkisstjórnin þvingar banka til að auka lánveitingar og það hefur leitt til að fjármagn hefur leitað of mikið til óarðbærra fjárfestinga og búið til bólu sem mun springa með hörmulegum afleiðingum; [Der Spiegel](#) | tengt; [Tómir eru turnar í Kína](#)

Frammistaða hagkerfa ESB og EES fyrstu 6 mánuði ársins. Tafla; breyting í þjóðarframleiðslu landa ESB og EES. Flokkað eftir samdrætti. Eins og sést í töflunni hér að neðan varð samdráttur meiri í 13 löndum Evrópusambandsins en hann varð á Íslandi á fyrstu 6 mánuðum þessa árs. Þó eru bankakerfi þessara 13 landa ekki hrunin - ennþá. Ef Ísland hefði ekki haft ofvaxið og fíflðjarft bankakerfi sem fór á hliðina væri Ísland sennilega neðst á þessum lista, þ.e. með ágætán hagvöxt og flest væri í viðunandi lagi á Íslandi núna. Ef Ísland hefði ekki haft íslensku krónuna til að endurræsa samkeppnishæfni og baráttuafhlagkerfisins eftir hrun bankanna, væri Ísland í svipuðum málum og Eystrasaltlöndin eru núna. Íslenski fréttavefurinn *AMX* greindi frá svipuðu álitni *Financial Times* í grein vefsins í gær. Greinina má lesa hér; [Ísland stendur betur en Írland vegna ESB](#). Þrátt fyrir þann mikla samdrátt sem varð á fyrstu 6 mánuðum ársins á Íslandi er íslenska hagkerfið ennþá með sjötta besta samanlagða hagvöxt (+4,4%) á síðustu 3 árum (12 ársfjórðungum) af öllum þeim löndum sem eru á listanum hér að neðan. En síðustu 6 mánuðir hafa sem sagt meira en helmingað vöxtinn á þessu 3 ára tímabili. Á síðustu 3 árum var samanlagður hagvöxtur í Þýskalandi -1,5% og -0,7% á evrusvæði.

Hagvöxtur á fyrstu 6 mánuðum 2009 miðað við sama tíma á síðasta ári	
Land	prósentubreyting
Latvia	-18,4
Lithuania	-16,8
Estonia	-15,6
Slovenia	-8,8
Finland	-8,5
Ireland	-8,4
Japan	-8,0
Romania	-7,5
Hungary	-7,1
Sweden	-7,0
Germany	-6,8

Croatia	-6,5
Italy	-6,3
Iceland	-5,5
Slovakia	-5,5
United Kingdom	-5,4
ESB 27 lönd	-5,3
Denmark	-5,3
Evrusvæðið	-5,3
Czech Republic	-5,1
Netherlands	-5,0
Austria	-4,7
Portugal	-4,3
Bulgaria	-4,2
Spain	-4,1
Belgium	-3,7
France	-3,3
Malta	-2,6
Switzerland	-2,1
Norway	-1,9
Cyprus	-0,1
Greece	-0,1
Poland	1,1
<i>Heimild; hagstofa ESB og eigin útreikningar</i>	

Fimmtudagur 1. október 2009

Velta á afleiðumarkaði fyrir t.d. tryggingar gegn greiðslufalli ríkissjóða eða hin svokölluðu CDS (afleiður skuldatrygginga eða e. credit default swaps) er kominn í gang á ný. Að þessu sinni fer áhugi fjárfesta hraðast vaxandi á pappírnum sem tengjast greiðslufalli ríkissjóða landa Vestur Evrópu. Mestur áhugi er t.d. vakinn á greiðslufalli ríkissjóða Ítalíu og Spánar. Það er einnig vaxandi áhugi á gjaldþroti Þýskalands. Fjárfestar hafa minnkandi áhuga á að veðja á greiðslufall ríkissjóða landa eins og t.d. Tyrklands, Brasilíu, Úrkaínu og álíka nýmarkaðslanda. Þar hefur því velta með svona pappíra minnkað mikið. Þessi vaxandi áhugi fjárfesta tengist ört vaxandi halla á rekstri ríkissjóða landa Vestur Evrópu. Fjárfestar minnst bankahrunsins á Íslandi og vita vel að margir ríkissjóðir landa Vestur Evrópu hafa gengist í gífurlega miklar ábyrgðir fyrir skuldbindingum illra stadda bankakerfa sinna. Pappírar svona ríkissjóða sem halda



miðað við í fyrra var því 5,3%. Þetta er næstum eins slæmt og á Íslandi en þar var samdrátturinn 5,5% á sama tímabili. Samdráttur á milli 1. og 2. fjórðungs innan ársins varð 2,6% í Danmörku. Mikið fall varð í fjárfestingum, einkaneysla minnkaði en neysla hins opinbera jókst. Fallið í þjóðarframleiðslunni þýðir að hver einasti íbúi Danmerkur hafi tapað tæpum 20.000 dönskum krónum af tekjum því þjóðartekjur minnkuðu í heild um 105 miljarða danskar krónur. Samdráttur í landsframleiðslu Danmerkur hefur nú staðið stanslaust yfir í 6 ársfjórðunga eða frá 1.fj. 2008; [Hagstofa Danmerkur](#)

Gríska blaðið Kathimerini skrifar að sökum komandi kosninga og hins pólitíska álitis hafi gríska ríkisstjórnin læðst eftir krókaleiðum að dýru lánsfjármangi á markaði sem fyrst og fremst er notaður til fjármögnunar skammtímaskulda til nokkura daga eða vikna (ECP). Þetta gerði ríkið til að geta endurnýjað fjárskuldbindingar sínar og hafi þar með einnig bætt við skuldir ríkisins langt umfram það sem sem látið hefur verið uppi. Þessi krókaleið kostar mun meira en hefðbundnar leiðir ríkisins að fjármagni. Lántökur gríska ríkisins eru ekki 40 miljarðar evrur á þessu ári eins og látið er uppi, heldur eru þær 59,4 miljarðar evrur. Blaðið segir að skuldastaða gríska ríkisins sé verri en upp er gefið í opinberum tölum og heilbrigði ríkisrekstrarins verra en vænst var; [Kathimerini](#)

Seðlabanki Finnlands heggur niður væntingar og lækkar landsframleiðsluspá Finnlands alla leið niður í 7,2% samdrátt fyrir þetta ár. Engum vexti er spáð í Finnlandi á næsta ári. Bankinn hækkar þó 2011 hagspá sína fyrir landið. Þar spáir seðlabankinn 1,6% hagvexti miðað við 2010. Sem sagt, þrátt fyrir evruaðild Finnlands í öll þessi ár mun þjóðarframleiðsla Finnlands falla rosalega stórt um 7,2% á þessu ári, standa í stað á næsta ári og svo vaxa um 1,6% á þannæsta ári. Þetta er ekki mikið. Seðlabanki Finnlands trúir að verðbólga verði svo að segja engin á næstu árum. Því er ég meira en sammála. Svo seint sem í nóvember síðastliðnum spáði OECD 0,6% hagvexti í Finnlandi á árinu 2009. Spá seðlabanka Finnlands hefur því fallið 1300% miðað við spá OECD fyrir aðeins 11 mánuðum; [Bank of Finland](#)

1. Values of supply and demand in billions euro (2009 prices)

	2008	2009	2010	2011	2012
Supply	100	100	100	100	100
Demand	95	95	95	95	95
Supply - Demand	5	5	5	5	5

2. Contributions to growth

	2008	2009	2010	2011	2012
GDP	100	100	100	100	100
Consumption	100	100	100	100	100
Investment	100	100	100	100	100
Government	100	100	100	100	100

Það er undarlegra þetta með prósentufall þjóðarframleiðslu en gengisfall myntar eða jafnvel gengisfall hlutabréfa. Gengi eins gjaldmiðils gagnvart öðrum gjaldmiðli getur ekki fallið um meira en 100% án þess að peningurinn verði að engu. Einskis virði. Enginn hefur ennþá séð neikvæða mynt. Hún er ekki til því þá væri hún skuld. En það er öðruvísi með breytingar í hagvexti, breytingarnar geta orðið neikvæður í það óendanlega á milli tímabila.

Gjaldþrot fyrirtækja í Danmörku hafa næstum tvöfaldast á milli ára. Á fyrstu 8 mánuðum þessa árs urðu 3717 fyrirtæki gjaldþrot. Á sama tíma í fyrra var þessi tala 1950. Þetta er 91% aukning á milli tímabila. Í ágúst mánuði voru 507 fyrirtæki lýst gjaldþrot. Ágúst mánuður ásamt júní og júlí slógu sögulegt met í gjaldþrotum í Danmörku. Á Íslandi urðu 555 fyrirtæki gjaldþrot á fyrstu 8 mánuðum þessa árs og þar af 12 fyrirtæki í ágúst. Á fyrstu 8 mánuðum síðasta árs voru 470 fyrirtæki lýst gjaldþrot á Íslandi. Það er víst óhætt að segja að þetta séu allt hrikalegar tölur. *Mynd*; árstíðaleiðréttur fjöldi gjaldþrota



fyrirtækja í hverjum mánuði í Danmörku frá 1979-2009; [Hagstofa Danmerkur](#) | [Hagstofa Íslands](#)

Þriðjudagur 29. september 2009

Ég ræddi stuttlega grein Derek Scott við konuna mína í morgun. Hún sagði, "það er kannski gott að hafa fast gengi ef maður er stórt hagkerfi". "Hvað ertu að meina", sagði ég; "stórt hagkerfi er myntin sjálf og hún er því fljótandi miðað við aðrar stórar myntir heimsins". Þá sagði konan mín aftur, "já, þá flýtur evran á þörfum Þýskalands". Humm, þetta fannst mér snilldarlegt svar; *hún flýtur á þörfum Þýksalands*. Já sagði ég, "og litlu löndin eru einkabakgarður Þýskalands, einka útflutningsmarkaður þess, hinn heilagi kaleikur Þýskalands í myntbandalaginu". Þetta minnir mig á:

[David Marsh, author of "[The Euro](#): The politics of the new global currency", said that Germany will pay a very high price to keep EMU together, whether it will be through the back door or not. EMU is about preserving Germany's export markets, and is something like a [holy grail](#)". He concluded, "The only way for the euro to survive is to have a political union. Without that, sooner or later the eurozone will break up."]

"Óði hattarinn sagði Lísu í Undralandi að orð hafa þá meiningu sem þú vilt að þau hafi. Óði hattarinn hefði verið eins og heima hjá sér í Evrópusambandinu því þar fær orðið "nei" þýðinguna "já" og pólitískum áróðri er básúnað út sem upplýsingum. Ef Írland kýs "nei" og hafnar þar með Lissabon sáttmálanum [nýju stjórnarskrá ESB] mun ESB halda áfram og Írland mun áfram vera hluti af ESB. En kjósi þeir já munu áhrif Írlands innan ESB verða enn minni en þau eru í dag." Svona hefst grein grein Derek Scott - sem var efnahagsráðgjafi forsætisráðherra Bretlands frá 1997 til 2003 - í THE WALL STREET JOURNAL þann 28. september 2009. Hér er öll grein Derek Scott í íslenskri þýðingu minni; [Sannleikurinn um efnahagsmál Írlands](#)



Mánudagur 28. september 2009

Álagspróf á 22 stærstu banka í ESB sýnir að massíf töp verða á útlánum þeirra. Samkvæmt heimildum *International Herald Tribune* leiddi álagspróf á 22 stærstu banka ESB í ljós að þeir munu líða 400 miljarða evru tap á útlánum á þessu ári og því næsta. Niðurstaða álagsprófsins verður til óformlegar umræðu á fundi fjármálaráðherra ESB í Gautaborg næstkomandi fimmtudag; [Børsen](#)

Ríkisstjórnir á myntsvæði myntbandalags Evrópusambandsins, evrusvæðinu, leita á peningamarkaði Bandaríkjadals til fjármögnunar skulda ríkissjóða landanna. Þýskaland, Spánn og Austurríki hafa selt ríkisskuldabréf fyrir samtals 9,25 miljarða Bandaríkjadala í september. Í kjölfar þeirra fylgir svo Ítalska ríkið með útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa fyrir 2,2 miljarða dollara í dag og áætlanir eru um útgáfu 10 miljarða evra skulda ítalska ríkisins í dollurum í viðbót. Með þessu reyna ríkin á ná til stærri hóps fjárfesta en eru á evrusvæðinu og sérstaklega til þeirra fjárfesta sem vilja ekki taka á sig gengisáhættu.



Þetta er í annað skiptið í sögu Þýskalands að landið gefur út ríkisskuldabréf í annarri mynt en sinni eigin. Það eru Bank of America Corp, Morgan Stanley og UBS AG sem sjá um söluna; [Bloomberg](#)

Leiðari mánudags: Næsta skref forsprakka Evrópusambandsins sem vinna skattfrjálst á of háum launum í eina heilaga heimalandi sambandsins í Brussel, hlýtur að verða það að bráðnauðsynlegt sé að takamarka enn frekar völd og áhrif ríkisstjórna og stjórnámálanna í aðildarlöndum sambandsins - og það sem allra allra fyrst. Takmarka völd heimilanna. Þeim rökum mun verða beitt að ekki gangi að ríkisstjórn eins lands steli atvinnutækifærum frá hinum löndunum með því að múta fyrirtækjum í heimalandi sínu til flytja störfin heim aftur þegar efnahagurinn brennur. Það sé náttúrulega ekki samþykkanlegt að gera fyrirtækin háð svona lyfjagjöf eða hvatningu. Og svo er það náttúrulega ömurlegt að gera löndin háð fyrirtækjum sínum, það væri nú aldeilis voðalegt.

En bíddu aðeins. Var það ekki einmitt þetta sem Neelie Kroes samkeppniskommisar ESB sagði við *Financial Times* á föstudaginn? Jú reyndar. En það er einmitt þetta sem ESB gengur útá. Það gengur út á að leggja niður þjóðríki Evrópu í smá skömmtum. Í stað þeirra á að koma eitt stykki nýtt Sambandsríki Evrópu, *United States of Europe*. Þar mun sjálf sambandsríkisstjórn USE ráðskast enn meira með líf og limi þegnana, fyrirtækja þeirra og svo skammata áburði á milli héraða sem áður voru sjálfstæð ríki. En hvað með innflytjendastefnu ESB? Af hverju er í lagi að múta fólki til að flytja á milli landa og þá sérstaklega frá þeim löndum sem þurfa mest á sínu eigni fólki að halda við að byggja upp lönd sín eftir geryðingu kommúnismans í Austur Evrópu? Eftir gjaldþrot áætlunarbúsakpar Moskvu í 45 ár. Er það í lagi? Er það bara í lagi vegna þess að það fæðast svo fáir nýjir skattgreiðendur í þeim löndum sem ráða öllu í ESB? Á sama tíma vill Brussel stoppa skattasamkeppni á milli landanna. Á hverju meiga löndin þá keppa sín á milli? Burtflognum hænum?

En hvað með Kína? Af hverju hættir ESB þá ekki að versla við kommúnistana í ríkisreknu Kína? Og hvað þá með fylkisríkisstjórnir Bandaríkjanna, sem lokka fyrirtæki til sín með skattaafslætti. Þarf ekki að stoppa þetta?

Eiga þegnar Evrópusambandsins, sem bráðum fá hina nýju stjórnarskrá Brussel dregna yfir hausinn á sér eins og múldýr án kosningaréttar, að verða einu heimilslausu þegnar þessa heims? Bara svo þeir í Brussel geti haldið áfram að fá há laun og komist hjá því að greiða skatt í samtökum sem væri búið að loka ef þau væru lögleg? Og hvað með hinn risastóra hagnað á viðskiptajöfnuði Þýskalands við umheiminn? Eigum við að fjármagna þetta hrikalega ójafnvægi Þýskalands við umheiminn inn í rauðan dauðann? Hvernig væri að kaupa eitthvað af okkur hinum?

Hver það um Evrópusambandið? Enginn. Enginn nema Brussel. Þetta er ennþá allt upp á gamla mátann hér í Evrópu. Eina byltingin hér sem kom neðanfrá, frá fókinu sjálfu, var hrun kommúnismans. Allt hitt kom að ofan, beint í hausinn á okkur. Það er því ekki undalegt að búið sé að banna gömlu ljósaperurnar í ESB. Það gæti nefnilega kviknað á einni þeirra aftur. FT; [Kroes warns EU over 'stealing' car jobs](#)

SKJALASAFN STUTTRA OG OFT DAGLEGRA FRÉTTA

<http://www.tilveraniesb.net/stuttar-vikufrettir>